

KJARVAL



1188 HR. KG
Goða lambalæri
frosið



1439 HR. KG
Goða lambahryggur
frosnir



40% afsláttur
639 HR. KG
Móa kjúklíngur
ferskur



25% afsláttur
Goða skinka



30% afsláttur
Goða hangiálegg



35% afsláttur
389 HR. KG
Móa frosnir
kjúklíngabitar



99 HR. STR.
Lif
Maískorn



260 HR. PK.
Rífnir ostar
3 tegundir



25% afsláttur
Prif
4 tegundir



399 HR. STR.
Meistara
djöflaterta hálf



**Tvöfaldir
Vildarpunktar!**
16. okt.-30. nóv.
Gildir af allri veltu

- Þín tilboð í Kjarval -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

ÁTTRÆÐ SAMAN... ...ÞÁ ER GAMAN

Þeir sem vilja gleðjast með okkur,
mæta á Hótel Laka kl. 20:00, á
staðartíma, þann 8. nóvember, í
partý-stuði.

Þorsteinn og Eva

Félag eldri borgara í Skaftárhreppi

Boðar til fundar á hótél
Kirkjubæjarklaustri
mánudaginn 17. nóv. kl. 13.30

Stjórnin

F.b. vantar myndir af

fermingarbörnum frá því í vor úr
Skaftárhreppi.

Í Grafarkirkju 20. apríl.

Í Prestsbakkakirkju 24. apríl

Í Langholtskirkju 8. júní.

Það væri afar vel þegið að fá myndir
sendar í tölvupósti á netfangið:

frettir@simnet.is

Kveðja, Útg.

Minnum á

Prjónakaffihúsið

á Halldórskafti kl. 20.30

Kvenf. Hvamshrepps

VITINN á www.sudurland.net

Ný netverslun - www.fallegfot.com

Mikið úrval að nýjum og ódýrum
fötum, sendi um land allt.

SMÁAUGLYSINGAR

44. TBL. 12. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 5. NÓVEMBER 2008

Safnahelgi á Suðurlandi 7. – 9. nóvember 2008

Matur og menning úr héraði

Dagskrá í Vík laugardaginn 8. nóvember:

Brydebúð

opið kl. 14:00-16:00

Mýrdalur - mannlíf og náttúra

Gott strand eða vont.....

Sigrúnarstofa

Aðgangur ókeypis

Héraðsbókasafn Vestur-Skaftafellssýslu

opið kl. 14:00-16:00

Bókasafnið opið, allir velkomnir.

Gestir geta valið sér bækur af hlaðborði til eignar.

Veitingastaðurinn Ströndin við Víkurskála

Fýlaveisla

Fýlaveislan hefst kl 20.00 og á borðum verður fyll, kartöflur og rófur og mikið af smjöri, einnig verður í boði hangikjöt og uppstúfur til tilbreytingar.

Veislustjóri verður Árni Johnsen og seinnipart kvölds verður lifandi tónlist inn í nóttina.

Sjá nánar á www.sofnasudurlandi.is



Vaxtarsamningur Suðurlands
og Vestmannaeyja

Atvinnuþróunarfélag
Suðurlands

Safnaklasi Suðurlands
Matarkista Suðurlands

Menningarráð
Suðurlands



Iðnaðarráðuneytið



Mýrdalshreppur

-HÁRMÓT-

CUXHAVENGÖTU 1 - 220 HAFNARFIRÐI.

Kæru viðskiptavinir!

Ég hef ákveðið að byrja aftur í hárgreiðslunni og er búin að opna nýja hárgreiðslustofu ásamt systur minni í Hafnarfirði að Cuxhavengötu 1. Við bjóðum gamla sem nýja viðskiptavinum hjartanlega velkomna.

Kveðja,

Hildigunnur. Sími: 692-1335



Þessi mynd barst okkur austan frá Höfn í Hornafirði

Hún er talin vera af fólki hér í Vestursýslunni.

Ef einhver ber kennsl á fólkið, vinsaml.

hafið samband í síma Vitans 487 1429, Sæunn

Tilkynning frá sóknarprestinum í Vík

Guðsþjónustan sem vera átti í Skeiðflatarkirkju næsta sunnudag, 9. nóvember, fellur niður af óviðráðanlegum ástæðum.

Minni á kirkjuskólann næsta laugardag 8. nóv.

Haraldur M. Kristjánsson

Sunnudagurinn 9. nóvember 2008

Guðsþjónusta í Langholtskirkju kl. 14.00.

Guðsþjónusta í Þykkvabæjarklausturskirkju kl. 16.00.

Ásakórinn leiðir söng undir stórn Brians Rogers Haroldssonar.

Sóknarprestur

Aðalfundur

Sjálfstæðisfélags Vestur-Skaftafellssýslu
Hjörleifs, félags ungra sjálfstæðismanna
og

Fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna
verða haldnir í **Leikskálum í Vík,**
miðvikudaginn 5. nóvember n.k. kl. 20:30.

Á dagskránni verða venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félaganna.

Formenn

Ströndin

BISTRO & BAR

Fýlaveisla á Ströndinni v/Víkurskála

*Fýlaveislan á Ströndinni bistro-bar v/Víkurskála
laugardagskvöldið 8. nóvember nk,*

Húsið opnar kl. 19. 30
borðhald hefst kl. 20. 00

Er byrjuð að nudda á Hótel Laka

Pantanir í síma 8663060
Verið velkomin
Lilja Harðardóttir

Haustvísur

Hnúka krýnir hélutraf,
hljóðnar kvak í runni.
Fölnað skrúðið fellur af
Fjalladrottningunni.

Grös og víðir falla fer
fyrir hríðar skjóma.
Blessuð hlíðin orðin er
örsneydd prýði blóma.

Höf.: Einar Þórðarson

Skammdegiskvöld

Man ég ljós á langri vöku,
luktar dyr og fennta glugga,
úfna hélu út við karma,
auðan blett á miðjum rúðum.

Púað inn um göt og gættir,
göng og eldhús full af myrkri,
þekjan barin þungum hrammi,
Þytur í strompi milli dúra.

Brotnar sperrur, biti þversum,
brunninn nær til hálfis í miðju.
Skuggi manns við lampaljósið.
Langur, dökkur á mig fellur.

Man ég sára lestrarlöngun
lítils drengs, sem var að stauta,
og í rökri út í horni
augun hvessti og beit á jaxlinn.
Höf: Heiðrekur Guðmundsson

Samantekt vikuna 27. október til 3. nóvember 2008

LÖGREGLAN HVOLSVELLI

Alls voru 99 mál þessa vikuna á Hvolsvelli og þar af voru 7 teknir fyrir að aka of hratt. Sá sem hraðast ók var á 137 km. hraða á vegi þar sem 90 km. hámarkshraði er.

Boðaðir voru í skoðun 17 vegna vanrækslu á aðalskoðun og vegna vanrækslu á endurskoðun 9. Tveir ökumenn voru stöðvaðir grunaðir um ölvun við akstur og voru þeir látnir blása í alkóhólmælir og voru yfir mörkum. Voru þeir í framhaldi strax sviptir ökuleyfi til bráðabirgða á staðnum.

Maður sem var að gera að þaki sínu í Fljótshlíðinni féll niður á steypa stétt. Svo virðist sem hann hafi ekki slasast eins alvarlega og talið var í fyrstu. Hann var fluttur með sjúkrabifreið til Reykjavíkur. Fjögur umferðaróhöpp voru tilkynnt í vikunni en engin slys urðu á fólki í þeim tilvikum.

Fimmtudagskvöldið 27. október s.l. sást bjarmi á himni sem var tilkynntur til lögreglunnar á Hvolsvelli. Þessi bjarmi sást víða að um landið. Fróðir menn telja að hér gæti hafa verið um að ræða loftstein á leið inn í gufuhvolfið.

Nú er rjúpnaveiðitímabilið hafið en það stendur til 30. nóvember. Aðeins er heimilt að veiða rjúpu á fimmtudögum til og með sunnudegi í viku hverri, á tímabilinu. Eru það tilmæli til þeirra sem fara á rjúpu að gæta þess að vera vel búnir og láta vita

af ferðum sínum. Einnig að gæta fyllstu varúðar í meðferð skotvopna sinna. Veiðileyfi og veiðikort þurfa að sjálfsögðu að vera meðferðis.

tekið saman af,
Guðmundi Inga Ingasyni,
varðstjóra, Kirkjubæjarklaustri

Lögfræðingur einn hafði keypt sér glænýjan BMW og gat ekki beði eftir að sýna félögum sínum gripinn. Allt í einu þegar hann opnar hurðina á bílnum fyrir utan skrifstofuna sína kemur truckur á fullri ferð og rífur hurðina af bílnum, lögfræðingurinn stekkur út og öskrar, NEEEEIII! Hann vissi að sama hversu góður viðgerðar maður reyndi að gera við hann þá myndi hann aldrei verða jafn góður aftur.

Loks kom löggan og lögfræðingurinn hljóp að henni og öskraði HELVÍTIS FÍFLIÐ Á TRUKKNUM KEYRÐI HURÐINA AF BMWinum MÍNUM!! "Þú ert lögfræðingur er það ekki" sagði löggan, "jú hvernig vissir þú það" svaraði lögfræðingurinn, "ja það er nú bara það að þið lögfræðingar eruð svo uppteknir af veraldlegum gæðum, að þið hugsið bara um peninga og eignir, ég þori að veðja að þú tókst ekki einu sinni eftir því að það vantar á þig vinstri hendina, lögfræðingurinn leit á hliðina á sér og öskraði, "NEEEEEII! ROLEX ÚRIÐ MITT!"

Safnahelgi á Suðurlandi 7. – 9. nóvember 2008

Matur og menning úr héraði

Dagskrá Safnahelgar á Kirkjubæjarklaustri
Sjá einnig á <http://www.sofnasudurlandi.is/>

Kirkjubæjarstofa og Héraðsbókasafnið á Kirkjubæjarklaustri

Föstudagur 7. nóvember

Kl.20:30 Þorvaldur Friðriksson útvarpsmaður flytur fyrirlestur á Hótel Klaustri sem nefnist:
Nýjar upplýsingar um keltneskar rætur örnefna á Íslandi.

Þorvaldur kemur með alveg nýja sýn á uppruna margra örnefna á Íslandi og þá sérstaklega í Skaftafellssýslum. Allt áhugafólk um örnefni og sögu er sérstaklega hvatt til að mæta á fyrirlesturinn. Aðgangur ókeypis.

Laugardagur 8. nóvember

Kl. 14:00-17:00 Opið hús hjá Héraðsbókasafninu Klausturvegi 4, þar sem boðið verður upp á kaffi og konfekt.
Ungir og aldnir verða með upplestur.

Sunnudagur 9. nóvember

Kl. 13:00-16:00 Sagan í sandinum - Klaustrið á Kirkjubæ og Á slóðum Skaftárelda- eldfjall, maður, náttúra.

Lifandi leiðsögn í sýningarsal Kirkjubæjarstofu, Klausturvegi 2
Heitt á könnunni og aðgangur ókeypis.
Hótel Klaustur á Kirkjubæjarklaustri

Laugardagur 8. nóvember:

Kl. 19:30 Meiriháttar villibráðarhlaðborð, allt rammvillt og nýveitt.
Lifandi tónlist. Sértilboð á gistingu.

Auglýsing um deiliskipulagstillögu í Skaftárhreppi

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 13. október 2008 að auglýsa til kynningar eftirfarandi deiliskipulag í Skaftárhreppi. samkv. 1. málsgrein 25 og 1. og 2. málsgrein 18. gr. Skipulags og byggingarlaga nr 73/1997 með síðari breytingum:

Blágil á Siðumannaafretti

Deiliskipulagstillagan tekur til áningarstaðar ferðamanna í Blágiljum við Lakaveg. Umfram núverandi aðstöðu sem aðallega er miðuð við þarfir gangnamanna, er gert ráð fyrir aðstöðu í tengslum við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðar. Þannig er gert ráð fyrir landvarðahúsi, húsi fyrir starfsmenn upplýsingamiðstöðvar, viðbyggingu við núverandi gangnamannahús tjaldsvæði með tilheyrandi bílastæðum og salernisaðstöðu.

Skipulagsuppdrættir og meðfylgjandi greinargerð munu liggja frammi til sýnis á skrifstofu Skaftárhrepps Klausturvegi 15 á Kirkjubæjarklaustri og á heimasíðu Skaftárhrepps, slóðin: [<http://www.klaustur.is/?i=51&expand=46-51>] frá 7. nóvember 2008 til 19. desember 2008. Ennfremur verður tillagan til sýnis hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík á sama tíma. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Athugasemdum skal skila á skrifstofu Skaftárhrepps eigi síðar en 19. desember 2008 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingartillöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

Skipulags og byggingarfulltrúi Skaftárhrepps

ÍBÚAFUNDUR

Fræðslunefnd Mýrdalshrepps og Atvinnuþróunartélag Suðurlands boða íbúa sveitarfélagsins á opinn íbúafund í Íþróttamiðstöðinni Vík laugardaginn 15. nóvember kl. 10.00.

Fundurinn er boðaður til að fá hugmyndir og álit íbúa á því hvernig best sé að móta

Draumskóla Mýrdalshrepps.

Dagskrá

10.10 - 10.25 Hafsteinn Karlsson, skólastjóri Salaskóla. Hafsteinn hefur skoðað mismunandi kennsluhætti í íslenskum og finnskum skólum og hvernig sé hægt að gera íslenska skóla að betri og áhugaverðari vinnustað fyrir bæði nemendur og kennara.

10.25-10.40 Kolbrún Hjörleifsdóttir, skólastjóri Grunnskóla Mýrdalshrepps.

10.40-10.50 Fyrirspurnir.

10.50-11.10 Margrét Pála Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar. Margrét Pála hefur verið frumkvöðull í þróun skólustarfs í gegnum Hjallastefnuna.

11.10-11.25 Halla Ólafsdóttir, skólastjóri Leikskóla Mýrdalshrepps.

11.25-11.40 Björn Þráinn, framkvæmdastjóri fræðsluviðs Mosfellsbæjar. Mosfellsbær hefur verið í mjög áhugaverðum tilraunum með aukna samfelli á milli leik- og grunnskóla. Þar á meðal má nefna sérstaka 5 ára leikskóladeild við Varmárskóla frá 2004 og Lágafellsskóla frá 2005 undir stjórn leikskólanna. Nýjasta verkefnið er Krikaskóli sem er skóli frá 1 árs til 9 ára.

11.40-11.50 Fyrirspurnir.

11.50-12.05 Kristinn Níelsson, skólastjóri Tónskóla Mýrdalshrepps.

12.05-12.20 Skúlína Hlíf Kjartansdóttir, þróunarstjóri MIND Iceland. Skúlína hefur unnið mikið með kennslu, listir og skapandi starf á mismunandi skólastigum.

12.20-13.00 Matarhlé.

13.00-16.00 Vinnuhópar hefja störf. Að loknum fyrirlestrum verður frjáls þátttaka í vinnuhópum þar sem íbúar munu eiga þess kost að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Allir íbúar Mýrdalshrepps eru hvattir til að mæta og taka þátt í að móta skólustarf til framtíðar á grundvelli nýrrar menntastefnu.



Skipstjóri í afleysingum.....

Hann var í frí og lá í landi
að leysa af heima var enginn vandi,
konan var að því komin að fæða
og hvergi um húshjálp að ræða,

En hvað munar karlmann um kerlingarstörfín
þó kanski sé stundum fyrir þau þörfin?
Konan var heima og hafði engu að sinna
nema hugsa um krakka, það er ekki vinna.

Hún sagði: Elskan þú þarft ekkert að gera,
aðeins hjá börnunum heima að vera,
ég er búin að öllu, þvo og þjóna,
þú þarft ekki að bæta, sauma eða þrjóna.

Matur er útbúin allur í kistunni,
það ætti að duga svona í fyrstuni,
aðeins að líta eftir öngunum átta
ylja upp matinn og láta þau háttá"

Nú skyldi hann hafa það náðugt og lesa
og ná sér í ærlegan skemmtipésa,
hann var ekki sestur og var nokkuð hissa
er vældi í krakka: mér þarf að pissa"

Vart þeirri athöfn var að ljúka
er veinaði annar :Eg þarf að kúka"
Þarna var engin einasti friður
ef ætlaði hann að tylla sér niður,

Dagurinn leið svo í sífelldum önnum
sem ei voru bjóðandi mönnum,
þvílíkt og annað eins aldrei í lífinu
útstaðið hafði hann í veraldarkífinu.

Ölduna stíga í ósjó og brælum
var ekkert hjá þessu, það kallaði hann sælu,
en þeytast um kófsveittur skammtandi og
skeinandi
skiljandi áflogaseggina veinandi!

Ef eitt þurfti að éta varð annað að skíta
og engin friður í bók að líta,
en hún sagði "Elskan, þú þarft ekkert að gera
aðeins hjá börnunum heima að vera,"

Nú voru krakkarnir komnir í rúmið,
Kyrillátt og sefandi vornætur húmið
seiddi í draumheimana angana átta
en ekki var pabbi farin að háttá,

Hann stóð þarna úfin úrvinda og sveittur
yfir sig stressaður, svangur og þreyttur,
og horfði yfir stofuna: "hamingjan sanna
hér á að teljast bústaður manna,

"Það skyldi hann aldrei á ævinni gera
í afleysingu slíkri sem þessari vera,
þó væri í boði og á því væri raunin
að þau væru tvöfölduð skipstjóralaunin"

En þetta á konan kauplaust að vinna
og kallað að hún hafi engu að sinna
af daglangri reynslu hans virtist það vera
að væri stundum eitthvað að gera.

Áfram með störfín ótt líður tíminn
Æ" aldrei friður nú hringir síminn,
halló, var sagt, það er sætt ég tülka,
þér er sonur fæddur og yndisleg stúlka.

Hann settist á stól og fann til svima og klígju,
hvað sagði hún að krakkarnir væru orðnir
tíu,"
Ég þarf að taka til öruggra varna,
ég ákveð á stundinni að hætta að barna.

Vetur

Snjórinn er eins og flórsykur.
Rigningin er eins og silfurdropar.
Grýlukertin eru eins og demantar.
Sólin er eins og gullhringur.

Höf: Diljá Tara Helgadóttir 11 ára
Mosfellsbæ

MÓÐURHARÐINDUNUM ER LOKIÐ!!! NÚ GJÓSUM VIÐ Á HÓTEL LAKA!!!

Laugardaginn 22. nóvember verður jólalegt hlaðborð á Hótel Laka.
Tökum forskot á sæluna. Sérstakt barnahlaðborð á kr. 1500. Hlaðborð
fyrir fullorðna kr. 4500. Heyrst hefur að Grýla og Leppi... hum!!!

Laugardaginn 6. desember höldum við áfram með smjórið og upp
með fjórið.

Jólahlaðborðið 2008. Jólaleikur. Lifandi tónlist. Verð kr. 5500.

Borðapantanir í síma 487 4694.

Verið velkomin,



Við öll á Hótel Laka

Opið hús!

Safnahelgi á Suðurlandi

Héraðsbókasafnið Kirkjubæjarklaustri auglýsir:
Safnið verður opið laugardaginn 8. nóvember kl. 14 - 17.

Heitt verður á könnunni og nóg að lesa og skoða.

Foreldrar eru sérstaklega hvattir til að koma
með börnum sínum og kynna sér hvað safnið
hefur á boðstólum fyrir börn jafnt og fullorðna.

Sjáumst á safninu
Bókavörður